



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu samningsviðauka nr. 16 við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), þskj. 121, 121. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreind þingsályktunartillöga til umsagnar og styður hana heils hugar. Samsinnir skrifstofan því að samningsviðauki nr. 16 styrki samtal milli Mannréttindadómstóls Evrópu og æðstu dómstóla aðildarríkjanna og að samningsviðaukinn sé undirstöðuatriði í sögu mannréttindasáttmála Evrópu og meiri háttar þróun í verndun mannréttinda í Evrópu.

Með fullgildingu samningsviðaukans verður unnt að leita ráðgefandi álits frá Mannréttindadómstól Evrópu þegar álitaefni kunna að rísa varðandi túlkun eða beitingu þeirra réttinda sem tryggð eru með mannréttindasáttmála Evrópu og viðaukum við hann. Það mun svo leiða til þess að við meðferð mála á áfrýjunarstigi verði tryggt að gætt sé að skuldbindingum Íslands á grundvelli mannréttindasáttmálans, sbr. lög nr. 62/1994, auk mikilvægrar leiðbeiningar um túlkun þeirra.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri